Æskulýðsskýrsla Grana og Þjálfa starfsárið 2016/2017

Annað starfsárið okkar sem sameinuð æskulýðsnefnd hofst af krafti. Eins og vanalega byrjum við á því að bjóða upp á reiðnámskeið fyrir byrjendur og lengra komna í upphafi sumarsins.

- 13. - 18. Júní 2016 var námskeið fyrir byrjendur og lengra komna, Einar Víðir kenndi. 16 börn frá báðum félögum tóku þátt. Öllum börnum var boðið upp á að taka þátt á firmakeppni Grana sem var haldin á lokadegi.

- 23. júní 2016 var æskulýðsreiðtúr frá Húsavík til Kjalar (Aðaldal). Þriggja tíma reiðtúr, hestarnir voru geymdir yfir nótt og riðið heim daginn eftir. Inga staðarhaldari tók á móti okkur með pylsum. Fimm börn tóku þátt og þrír fullorðnir riðu með þeim.

- 2.- 5. ágúst 2016 námskeið hjá Birnu Hólmgeirsdóttur reiðkennara. Hún kenndi 10 knöpum í þriggja til fjögurra manna hópum.
- 4. september 2016 æskulýðsreiðtúr frá Bústólpahöllinni. Því miður var lítil þátttaka en við skemmtum okkur samt.
- 29. október 2016 fyrirlestur með Iðunn Bjarnadóttur. Hún sagði frá hestaferð í kringum Vatnajökul sem hún fór á vegum Saltvíkur.
- 18. og 19. Mars2017: Námskeið hjá Camillu Hoj sem kom til okkar frá Akureyri. Hún kenndi 8 vönum knöpum í einkakennslu fjórum sinnum í hálftíma. Því miður sjáum

við okkur ekki fært um að bjóða henni aftur til okkar þar sem kostnaður við námskeiðið var of mikill.

- 20. til 25. mars og 3. apríl til 7. apríl 2017 var aftur námskeið fyrir byrjendur og lengra komna knapa. Reiðkennari var Einar Víðir.

- 30. apríl 2017 ferð til Sauðárkróks á sýninguna Æskan og hesturinn. Við gerðum okkur góðan dag og stoppuðum á Akureyri í pizzaveislu.
- 28. maí 2017 námskeið með Önnu Guðnýju Baldursdóttur. Hún kenndi 6 knöpum frá Grana og Þjálfa í tveggja manna hópum. Börnunum fannst þetta skemmilegt og Anna Guðný náði vel til þeirra og hestanna.
- 6. - 10. júní 2017 var haldið námskeið í samvinnu við „Miðjuna“ endurhæfing fyrir fatlaða á Húsavík. Einar Víðir sá sér aftur fært um að kenna 6 börn með sérþarfir á grunnskólaaldri. Hópurinn stóð sig mjög vel og talaði strax um næsta námskeið. Til að aðstoða Einari Víðir fengum við tvo unga knapa til að aðstoða hann á námskeiðinu. Einnig sendi Miðjan tvo starfsmenn með til að hjálpa þessum einstaklingum á meðan á námskeiðinu stóð. Áætlað er að halda aftur eins námskeið um miðjan ágúst næstkomandi.

- Við upphaf sumarsins mætti Iðunn Bjarnadóttir til leiks og kenndi 8 byrjendum og einum lengra komnum. Námskeiðið gekk í heild vel en 9 börn á einu námskeiði er því miður of mikið. Fjórar aðstoðarstelpur tóku þátt og stóðu þær sig með prýði.

- Um miðjan ágúst mættu krakkarnir úr „Miðjunni“ aftur á námskeð. Í sinn tóku 7 verðandi knapar þátt. Einar Víðir sá sér aftur fært um að Kenna þeim.
- Við lok starfsárinu okkar erum við aftur að bjóða upp á námskeið fyrir byrjendur og lengra komnir börn. Í þetta sinn var aðsóknin svo míkil að við þurftum að skipta hópnum í þrennt. Tuttugu börn eru á námskeiðunum í heild.

Að lokum langar okkur í æskulýðsnefndinni að þakka öllum sem hafa aðstoðað okkur í nefndinni á þessu starfsári. Sérstaklega þökkum við Saltvík hestaleigu fyrir alla þá hesta sem við fengum til láns, án þeirra gátum við varla haldið námskeið. Einnig þökkum við þeim einstaklingum sem sáu sér fært að lána okkur sína góðu hesta. Við megum ekki gleyma þeim sem gáfu okkur hey, voru tilbúnir að járna, mokuðu hesthúsið, gáfu hestunum og slóðdrögu túnin.

Fyrir hönd Grana Gyða Evertsdóttir og Iris Myriam Waitz

Fyrir hönd Þjálfa Tora Katinka Bergeng og Freydís Anna Ingvarsdóttir